

Mánudaginn 21. janúar 1952.

Nr. 132/1951. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Þórði Finnbogasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot gegn lagareglum um fjárfestingu.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu ákærða var skúr sá, er í málinu getur, byggður eftir bílskúrsteikningu, samþykkt af byggingarnefnd. Með byggingu skúrsins, þrátt fyrir synjun Fjárhagsráðs, hefur ákærði því brotið gegn þeim réttarákvæðum, sem í héraðsdómi greinir. Eftir atvikum málsins þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað hennar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Finnbogason, greiði kr. 1800.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. nóvember 1950.

Ár 1950, laugardaginn 4. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4113/1950: Ákærvaldið gegn Þórði Finnbogasyni, sem tekið var til dóms þann 3. sama mánaðar.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn kærða, Þórði Finnbo-gasyni rafvirkjameistara, Egilsgötu 30 hér í bæ, fyrir brot á lögum nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð o. fl. sbr. reglugerð nr. 82/1947 um sama efni og auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. júní 1906 í Skarfa-nesi í Landsveit, og hefur hann, svo vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1949 18/3 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1950 17/3 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 28. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Með bréfi, dags. 22. nóv. 1949, kærði fjárhagsráð til sakadómara, að hlað-inn hefði verið upp bílskúr við húsið nr. 30 við Egilsgötu hér í bæ, án þess að leyfi fjárhagsráðs væri fyrir hendi, og beiddist ráðið þess, að at-hugað yrði, hvort eigandi skúrsins, sem reyndist vera kærði, hefði ekki með þessu gerzt sekur við auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947 um bann við byggingu bílskúra og fleiri mannvirkja.

Þegar eftir að kæra fjárhagsráðs á hendur kærða barst, var Magnúsi Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni falið að athuga umræddan skúr og kynna sér að öðru leyti málavexti. Segir rannsóknarlögreglumaðurinn í skýrslu sinni um þetta, sem dagsett er þann 25. nóvember 1949, að þá hafi verið búið að steypa grunn skúrsins og hlaða vegg hans úr vikur-holsteini. Ummál skúrsins reyndist vera 4×10 metrar. Ekkert þak var þá komið á hann. Annan langvegg umrædds skúrs myndar hlið bílskúrs, sem stendur á lóðinni nr. 28 við Egilsgötu og mun standa út við lóðarmörk hússins nr. 30 við sömu götu, en það hús á kærði. Í grunn skúrs síns, sem hér ræðir um, segir kærði hafa farið $4\frac{1}{2}$ m³ af steinsteypu, sem hann fékk hjá Steypustöðinni hér í bæ í skiptum fyrir $1\frac{1}{2}$ smálest af sementi, en fyrir sementi þessu kveðst hann hafa fengið innkaupaleyfi hjá fjár-hagsráði vorið 1949 á þeim forsendum, að hann hygðist steypa tröppur og lítinn skúr við hús sitt. Til þess að byggja þessi síðasttöldu mann-virki kveðst kærði hins vegar hafa notað sement, sem hann hafi verið búinn að eiga í 2—3 ár.

Í vegg skúrsins, sem hér er rætt um, segir kærði hafa farið 300 vikur-holsteina, sem hann hafi keypt af vikurholsteinagerð Jóns Loftssonar, Vikurfélaginu hér í bæ, rétt áður en fjárhagsráð tók til starfa árið 1947, eða nánar tiltekið vorið 1947. Steina þessa kveðst kærði hafa keypt alla í einu og staðgreitt þá. Ekki hefur tekizt að afla nákvæmra upplýsinga um, hvenær kærði hafi keypt holsteinana, en Vikurfélagið hefur vottað,

að þann 15. apríl 1947 hafi einhver maður keypt af því 300 holsteina og staðgreitt þá.

Byggingu umrædds bílskúrs mun nú vera lokið, en ekki er vitað, úr hvaða efni þak hans er.

Kærði vakti athygli á því þegar í upphafi rannsóknar þessa máls, að þótt skúrin, sem hér ræðir um, hafi að visu verið byggður samkvæmt teikningu af bílskúr, sem kærði kveðst fyrir löngu hafa verið búinn að fá leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur fyrir, og þótt skúrin standi á stað, sem ætlað er til að bílskúr standi á, hafi það aldrei verið ætlun sín að nota skúr þenna sem bifreiðargeymslu, heldur sem efnisgeymslu og vinnustofu. Er kærði rafvirki að atvinnu, og segir hann árlega hafa skemmzt mikið af efni, sem hann þarf að eiga og nota við iðn sína, vegna þess að hann hefur skort geymslu fyrir það. Kveðst kærði oftast en einu sinni hafa sótt um leyfi fjárhagsráðs fyrir byggingu skúrs þessa og í umsóknum sínum til þessarar stofnunar tekið fram, að ekki væri ætlun sín að nota skúrin fyrir bifreiðargeymslu, þótt hann yrði byggður samkvæmt teikningu af bílskúr, heldur sem efnisgeymslu og vinnustofu, en jafnan hafi fjárhagsráð synjað honum um leyfi fyrir byggingunni. Eftir ítrekaðar synjanir af hálfu fjárhagsráðs réðst kærði síðan í að byggja skúrinn leyfislaust vorið eða sumarið 1949.

Kærði hefur við rannsókn málsins bent á, að margnefndur skúr sé ónothæfur sem bifreiðargeymsla, að óbreyttum aðstæðum, þar eð hár veggur standi fyrir dyrum hans, svo að ekki komist bifreiðar inn í hann, nema veggurinn sé brotinn niður, en það kveðst hann ekki hafa í hyggju. Gengið hefur verið úr skugga um, að þessi framburður kærða um vegginn fyrir utan dyr bílskúrsins sé réttur. Þar stendur um 1 metra hár steinveggur. Kærði kveðst hafa vitað gjörlla um bann fjárhagsráðs við byggingu bílskúra o. fl., er hann hóf byggingu skúrsins.

Skúr sá, sem hér ræðir um og fjárhagsráð kærði kærða fyrir að byggja í óleyfi þess, er byggður samkvæmt teikningu af bílskúr og stendur á stað, sem af byggingarnefnd mun vera ætlaður fyrir bílskúrastæði. Virðist því liggja beint við að telja skúrin vera bílskúr, án tillits til þeirra nota, sem af honum eru höfð.

En jafnvel þótt ekki sé tekin afstaða til þess hér, hvort skúrin teljist vera bílskúr í þeirri merkingu, sem venjulega er lögð í það orð, virðist samt augljóst, að kærði hafi gerzt sekur við þau ákvæði laga, reglugerðar og auglýsingar, sem mál þetta er höfðað fyrir brot á, þar eð fjárhagsráð hafði skilyrðislaust synjað honum um leyfi til að byggja margnefndan skúr, þótt því samkvæmt umsókn hans væri kunnugt um, að nota ætti skúrin til annarra þarfa en að geyma í honum bifreið. Af sömu ástæðum telst heldur ekki skipta máli hér, hvort skúrin hafi kostað kærða meira eða minna en kr. 10.000.00, þar eð skilyrðislaus synjun fjárhagsráðs lá fyrir um leyfi þess til að byggja skúrin, en samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 145 6. okt. 1948 um breyting á reglugerð nr. 82/1947 um fjárhagsráð o. fl. virðist fjárhagsráð hafa frjálssar hendur um að banna

byggingu mannvirkja, jafnvel þótt verð efnis og vinnu í þau nemi ekki kr. 10.000.00, en slíkt bann ráðsins lá einmitt fyrir í tilviki því, sem hér ræðir um.

Samkvæmt framansögðu telst ákærði því hafa brotið 5. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð o. fl., sbr. 7. og 11. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um sama efni, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 145 6. október 1948 um breytingu á fyrrnefndri reglugerð, sbr. auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947.

Refsing kærða þykir samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947, sbr. 39. gr. reglug. nr. 82/1947, hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 150.00.

Sá dráttur, sem á því varð, að mál þetta væri tekið til réttarrannsóknar, stafaði af önnum við embættið og veikindum rannsóknardómars.

Dómsorð:

Kærði, Þórður Finnbogason, greiði 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. janúar 1952.

Nr. 4/1951. **Guðmundur R. Oddsson** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
Jóhannesi Guðmundssyni (Theódór B. Línal).

Árekstur bifreiða. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1951, krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostn-